

SARK

Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju

Stjórnarskrárnefnd
b/t Jón Kristjánsson formaður/Páll Þórhallsson ritari
Forsætisráðuneytið

Reykjavík 20. maí 2005.

Háttvirtir meðlimir stjórnarskrárnefndar.

Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju (SARK) er félagsskapur með yfir 500 skráða félaga og fer ört vaxandi um þessar mundir. Samtökin voru stofnuð árið 1993 og hafa síðan beitt sér fyrir rökfastri en hófstiltri umræðu um aðskilnaðarmálin og fyrir trúfrelsi og trúarjafnrétti. SARK er ekki trúfélag og tekur ekki afstöðu til einstakra trúarbragða eða trúleysis, heldur lúta stefna og störf samtakanna að grundvallarsjónarmiðum um mannréttindi og jafnrétti.

SARK vill hér með skora á stjórnarskrárnefnd að taka til umræðu og afgreiðslu þá grundvallarkröfu samtakanna að fjarlægð verði úr stjórnarskrá og öðrum lögum sú trúarlega mismunun sem felst í því að einu trúfélagi, hinni evangelísk lútersku þjóðkirkju, sé veitt stjórnarskrárvarin forréttindi umfram önnur trúfélög og trúlaust fólk. Hvetja samtökin stjórnarskrárnefnd til að gera tillögu um afnám 62. greinar stjórnarskrárinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur að vísu fram að endurskoðunin verði einkum bundin við I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar og þau ákvæði í öðrum köflum hennar, sem tengjast sérstaklega ákvæðum þessara þriggja kafla. Um trúmál er hins vegar fjallað í stjórnarskránni í VI. kafla og hvetur SARK nefndina til að grandskoða þennan kafla ekki síður en hina þrjá fyrrnefndu við endurskoðun á efni stjórnarskrárinnar.

Stefna SARK er í 12 liðum og er aðgengileg nefndarmönnum á vefsíðunni www.sark.is/stefna, en fyrstu tveir liðirnir eru svohljóðandi:

1. Markmið samtakanna er að aðskilja ríki og kirkju á Íslandi.
2. Samtökin skulu beita sér fyrir jafnrétti og lýðræði í trúmálum með afnámi 62. greinar stjórnarskrárinnar, en þar segir: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.” Auk þess beiti samtökin sér fyrir afnámi allra sérréttinda þjóðkirkjunnar í stjórnarskránni og lögum.

Einnig segir í stefnuskrá SARK:

- Samtökin eru andvíg einhliða trúfræðslu í grunnskólum.
- Samtökin eru andvíg sjálfkrafa skráningu fólks í trúfélög við fæðingu.
- Samtökin telja að innheimtu ríkisins á sóknargjöldum viðunandi því aðeins að öll trúfélög fái sömu kjör og kirkjan. Fólk utan trúfélaga verði tryggður réttur til að ákveða sjálft til hvaða félags eða stofnunar gjald það rennur sem greitt er í stað sóknargjalda. Gjöld þeirra sem ekki nýta sér þennan rétt renni til háskólafræðslu í landinu.
- Samtökin leggja áherslu á jafnrétti fólks, flokka og stofnana; virðingu fyrir trú og siðum allra; rétt allra til að standa utan allra trúflokka með óskert mannréttindi.

Samtökin leggja áherslu á að vera óháð stjórnámálum og trúmálum að öðru leyti en hvað ofangreind stefnumál varðar.

SARK tekur, sem fyrr segir, ekki afstöðu til einstakra trúarbragða eða trúleysis. Félagar í samtökunum er fólk sem aðhyllist ýmis trúarbrögð og trúleysi – og eru á meðal félaga fjöldi fólks sem skráð er í þjóðkirkjuna og telur hag hennar best borgið með aðskilnaði ríkis og kirkju.

Samtökin telja að 62. grein stjórnarskrárinnar geti ekki samrýmst 63.- 65. greinum stjórnarskrárinnar og sé greinin auk þess í andstöðu við mannréttindasamþykktir Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmála Evrópu. Samtökin telja að unnt sé að afnema 62. greinina án þess að kalla yfir þjóðina óvissu í trúmálum og án þess að þjóðkirkjustofnunin bíði hnekki af – jafnvel þvert á móti, að aðskilnaðurinn geti orðið henni til mikillar blessunar.

Allt frá gildistöku stjórnarskrárinnar 1874 hefur þetta tiltekna trúfélag haft stjórnarskrárvarin réttindi umfram önnur trúfélög á Íslandi – og trúlaust fólk – og telja samtökin að löngu sé tímabært orðið að afnema þessi forréttindi. Þessi réttindi séu tímaskekkja sem samræmist ekki trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar og alþjóðlegum samþykktum um trúfrelsi, jafnrétti og mannréttindi. Í flestum lýðræðisríkjum er talið óásættanlegt að blanda saman stjórnámálum og trúmálum. Sú afstaða byggir ekki síst á þeim grundvallarviðhorfum sem fram komu í Evrópu og Bandaríkjunum á 18. og 19. öld. Aðgreining ríkis og trúarbragða kom afdráttarlaust fram í stjórnarskrám t.d. Frakklands og Bandaríkjanna, en í Danmörku og hér á landi, þótti hins vegar sjálfsgagt að megintrúarbrögð landanna nytu forréttinda í stjórnarskrá. Hér á landi spilaði án efa sterkt inn í að í trúmálum var þjóðin einsleit, svo gott sem 100% lútersk, og þá var sjálfsgagt ekki talin mikil þörf á að vernda rétt annarra trúarbragða en þeirra sem svo yfirgnæfandi voru. Á þeim tíma var ekkert fjölmenningsarsamfélag hér og yfirleitt ekki þörf á að taka tillit til annarra sjónarmiða en lúterskra. Þrátt fyrir miklar breytingar á íslensku samfélagi og í þróun alþjóðamála á sviði jafnréttis og mannréttinda þá hefur stjórnarskrárvernd eins trúfélags staðið óhöggðu hér á landi allt fram á þennan dag, en slíkt samræmist ekki þeirri stefnu sem almennt hefur verið mörkuð á undanförunum árum í jafnréttismálum hér á landi .

Stjórnarskrá lýðveldisins kveður á um trúmál í sjötta kaflanum með eftirfarandi hætti¹:

„**62. gr.** Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.

63. gr. Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.

64. gr. Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu. Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að. Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum.“

Síðari tveimur greinunum var breytt með lögum árið 1995, en 62. greinin, um sérstöðu hinnar evangelísku lútersku kirkju, hefur staðið óhöggðu frá 1874 og þar með er þessu tiltekna trúfélagi „veitt forréttindi umfram önnur trúfélög“². Samtökin álíta 62. greinin vera í andstöðu við 63. og 64. greinarnar, einkum þó hina síðari. Í þessu sambandi verður og sterklega að vísa til fyrri málsgreinar 65. greinar stjórnarskrárinnar, sem var hrein viðbót árið 1995, en þar segir:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti“³.

Hinn sértæki stuðningur við eitt af evangelískum lúterskum trúfélögum (þjóðkirkjan er ekki eina lúterska trúfélagið á Íslandi.) á Íslandi er í senn trúarlegur, fjárhagslegur og menningarlegur. Menningarlega hefur kristnin verið sterkt afl um árhundruða skeið, en lúterska yfirgnæfandi trúarskoðun landsmanna frá miðri 16. öld eða í rúm 450 ár. Fræðsla um þessi tilteknu trúarbrögð hefur notið forgangs í skólum landsins og nýtur enn. Kristnisagan er hér samofin Íslandssögunni og því má líta svo á að eðlilegt sé að við trúarbragðafræðslu njóti þessi trúarbrögð mesta plássins, en aftur á móti blasir við að fræðsla í formi innrætingar eða trúboðs getur tæpast gagnrýnislaust talist í anda trúfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar.

Í þessu sambandi má vitna til greinargerðar með þingsályktunartillögu Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og fleiri um aðskilnað ríkis og kirkju (skipan nefndar um málefnið), þar sem segir:

„Trúfrelsi telst vera meðal allra mikilvægustu borgaralegra og stjórnámálalegra réttinda hvers lýðræðisríkis. Lögvernduð sérstaða eins trúarsafnaðar umfram aðra raska eðlilegu jafnvægi í skoðanamyndun fólks, sérstaklega efnahagslegi þátturinn. Efnahagsleg forréttindi eins trúarsafnaðar samræmist ekki nútímaskilningi á trúfrelsi. Spyrja má hvort

¹ Stjórnarskrá lýðveldisins, sjá: <http://www.althingi.is/lagas/131a/1944033.html>.

² Björn Þ. Guðmundsson, Lögboðin þín, bls. 405.

³ Stjórnarskrá lýðveldisins, sjá: <http://www.althingi.is/lagas/131a/1944033.html>.

slíkt fyrirkomulag sé brot á hinum mikilvægu mannréttindum sem felast í réttinum til trúfrelsis.“⁴

Í umræðu um hugsanlegan aðskilnað ríkis og kirkju hafa andstæðingar aðskilnaðar ekki síst borið ugg í brjosti um hrun trúarlífs og þá gengið út frá því að aðskilnaðurinn þýði afnám fjárveitinga hins opinbera til trúariðkunar. Rétt er að víkja að þessari fjárhagshlið sérstaklega.

Mismunun trúfélaga á milli má enda einna berlegast sjá í peningamálum. Fjárveitingar úr ríkissjóði til trúmála árið 2005, samkvæmt fjárlögum, eru á þá lund, að til hinnar ríkisvernduðu þjóðkirkju renna rúmar 4.078 milljónir króna (4 milljarðar). Skipt niður á landsmenn eru þetta 13.900 krónur á hvern landsmann eða 55.600 krónur á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Önnur trúfélög (151 millj.kr.) og Háskólasjóður (vegna fólks utan trúflokka, 94 millj.kr.) fá samtals 245 milljónir í gegnum sóknargjöldin. Skipt niður á landsmenn eru það ekki nema 836 krónur á mann eða 3.344 krónur á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Þjóðkirkjan, með 85% landsmanna (1. desember 2004), fær 95% fjárveitinganna. Þeir 15% landsmanna sem eftir standa fá um leið aðeins 5% fjárveitinganna. Þessi mismunun í fjárveitingum blasir við og getur varla talist óvefengjanleg.

Rétt er að skoða nánar einstaka liði á fjárlögum 2005 til þessa sérstaka trúfélags, en upptalningin er ekki tæmandi (milljónir króna; innan sviga eru upphæðir frá fjárlögum 2004)⁵:

| | | |
|----------------------|---------|-----------|
| Biskup Íslands | 1.224,1 | (1.155,7) |
| Stofnkostnaður | 36,2 | (35,7) |
| Kirkjumálasjóður | 167,8 | (161,5) |
| Kristnisjóður | 69,5 | (65,1) |
| Kirkjugarðsgjöld | 714,6 | (678,8) |
| Sóknargjöld ÞK | 1.485,0 | (1.431,0) |
| Jöfnunarsjóður sókna | 274,7 | (264,6) |
| Kristnihátíðarsjóður | 100,0 | (100,0) |

Allt eru þetta fjármunir sem eitt trúfélag fær sérstaklega umfram önnur, að sóknargjöldunum undanskyldum, en þó njóta önnur trúfélög einskis frá Jöfnunarsjóði sókna, sem fær tekjur í gegnum sóknargjöldin.

Samtökin leggjast sem slík ekki gegn opinberum fjárveitingum til trúmála og trúariðkunar, en telja að við ríkjandi ástand sé það ekki gert á jafnréttisgrundvelli og að tillit sé ekki tekið til óska og stöðu þeirra sem engu trúfélagi tilheyra. Samtökin telja við blasa, að ekki þurfi mikilla tilfæringa við til að jafna þarna á milli til að koma þessari fjárhagslegu mismunun fyrir kattarnef. Það mætti t.d. gera með því að setja allar fjárveitingar til trúmála undir einn hatt, t.d. sóknargjöldin, og gæta þess að sama krónutalan sé að baki hverjum einstaklingi. Til að jafna út án þess að skera af þjóðkirkjunni, þó þannig að allar hennar krónur fari undir sóknargjöldin og að sömu sóknargjöld séu á alla landsmenn óháð trúfélagi eða trúleysi, þyrfti að hækka heildartöluna um „aðeins“ 450 milljónir króna eða um rúm 10%, sem þá vitaskuld rynnu allar til fólksins/trúfélaganna utan þjóðkirkjunnar. Þá væri búið að lagfæra hina fjárhagslegu mismunun. Ef ekki væri talið æskilegt að auka ríkisútgjöldin til trúmála yrði þá að skera útgjöldin til þjóðkirkjunnar sem þessu nemur.

Hver er bakgrunnur þessarar fjárhagslegu mismununar? Hann er sagður liggja í samningi frá 1907 (og sem endurnýjaður var til núverandi horfs 1997), en þá afsalaði þjóðkirkjan sér kirkjujörðum til ríkisins gegn því að ríkið tæki að sér að fjármagna laun presta, rekstur Biskupsstofu og fleira þess háttar. Á þessum grunni hvíla sértækar fjárveitingar til þjóðkirkjunnar enn í dag og mætti færa fyrir því sennileg rök (en að sinni ekki útreikning) að umræddar kirkjujarðir séu nú nær hundrað árum síðar orðnar einhverjar allra dýrustu jarðir Íslandssögunnar. Á yfirstandandi ári tryggir þessi samningur þessu tiltekna trúfélagi fé beint af fjárlögum, sem engin önnur trúfélög njóta, ekki síst 1,2 milljarða króna til reksturs Biskupsstofu.

Samningurinn frá 1907 er brátt orðinn 100 ára gamall, en var ekki orðinn nema tveggja ára gamall þegar sterkur vilji reis upp fyrir því meðal alþingismanna að afnema forréttindi þjóðkirkjunnar með aðskilnaði ríkis og kirkju. Þann 26. mars 1909 samþykkti neðri deild Alþings með 20 atkvæðum gegn 4

⁴ <http://www.althingi.is/dba->

<bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/120/s/0808.html&leito=a%F0skilna%F0ur%5C0r%EDkis#word1>.

⁵ Sjá Fjárlög 2005, fjárlagavefur Alþingis.


þingsályktunartillögu um aðskilnað ríkis og kirkju, eða um „að neðri deild alþingis skori á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um aðskilnað ríkis og kirkju“⁶. Nefndarálit viðkomandi nefndar neðri deildar var mjög afgerandi um réttmæti fyrirhugaðs aðskilnaðar. Í álitinu kemur fram að í mörg ár hafi komið fram mjög almennt á þingmálafundum víðsvegar um land að þjóðin, eða talsverður meirihluti hennar, virtist fylgjandi slíkum aðskilnaði. Því var svarað játandi í nefndarálitinu að þjóðkirkja eða ríkiskirkja væri „í sjálfu sér óeðlilegt fyrirkomulag, jafn gagnstætt eðli kirkjunnar eins og eðli ríkisins“. Nefnt var sem viðurkennda staðreynd að „andlega lífið í þjóðkirkjunni sé mjög dauft og trúaráhuginn hjá meðlimum hennar yfirleitt sljór“.

Vilji neðri deildar Alþings var því skýr, svo skömmu eftir samninginn frá 1907. Málið sofnaði þó um sinn eða til 1919, þegar sambærileg tillaga naut mikils fylgis, en náði samt ekki fram að ganga.

Fyrsti flutningsmaður þingmálsins 1909 var Jón Guðmundsson, 1. þingmaður Norður-Múlasýslu. Í framsöguræðu sagði Jón meðal annars að þótt málið yrði vafalaust þyrnir í auga margra þingmanna þá væri um mikið áhugamál þjóðarinnar að ræða, sem þingmálafundur um landið hefðu fjallað um. „Í stað þess að losa um böndin hafa þau verið hert og útgjöldin aukin“ sagði Jón. Hann kvað óréttlátt að fólk utan þjóðkirkjunnar þyrfti að bera sömu gjöld og þjóðkirkjufólk. Meginsjónarmið Jóns virtist þó vera „ástand kirkjunnar“, en hann sagði að þá sjaldan messað væri „koma aðeins fáar hræður“ og kirkjan væri því orðin „gagnslaus stofnun“. Trúaráhuginn dofnaði, sagði hann, og „prestarnir verða nokkurskonar steingervingar“. Hann hafnaði mótbárum skipulega, meðal annars þeirri að með aðskilnaðinum kæmu „villutrúarmenn, er afvegaleiði fólkið“ og að menn yrðu „hundheiðnir“.

Aðeins einn þingmaður tók til máls með fyrirvara um efni tillögunnar og ráðherra Íslands, Björn Jónsson, lýsti yfir sérstökum stuðningi við að aðskilnaðarmálið yrði tekið fyrir af millipinganefnd en taldi rétt að málið færi síðan í almenna atkvæðagreiðslu (þjóðaratkvæði) þar eð vilji þjóðarinnar væri ekki nægilega fram kominn. Tillagan var síðan, sem fyrr segir, samþykkt með afgerandi hætti eða með 20 atkvæðum gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli.

Æ síðan hefur sterkur vilji verið fyrir því innan samfélagsins að til aðskilnaðar ríkis og kirkju komi. Árlegar skoðanakannanir Gallup á Íslandi frá því 1993 til 2003 staðfestu allar skýran meirihluta fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, en það hefur verið skoðun tveggja af hverjum þremur sem afstöðu taka. Þegar á hinn bóginn eru tekin svör allra haustið 2003 þá voru tæplega 59% hlynnt aðskilnaði, tæplega 29% andvíg og tæplega 13% hvorki hlynnt eða andvíg aðskilnaðinum. Eftirfarandi línurit sýnir þróun afstöðunnar síðustu ár⁷:



⁶ Öll umræðan um gang mála 1909 byggir á Alþingistíðindum B. II 1909, sjá bls. 1874-1889.


⁷ <http://gallup.is/main/view.jsp?branch=683612&e342RecordID=663&e342DataStoreID=514738>.

Karlar eru hlynntari aðskilnaði en konur. Höfuðborgarbúar vilja frekar aðskilnað en íbúar landsbyggðarinnar og þeir sem styðja núverandi ríkisstjórnarflokka eru ekki eins hlynntir aðskilnaði ríkis og kirkju og þeir sem fylgja stjórnarandstöðuflokkunum. Þegar greint er eftir tekjum og menntun þá kemur fram að þeir sem hafa hærri tekjur og meiri menntun eru hlynntari aðskilnaði en þeir tekjulægri og minna menntaðir. Og eldra fólk er andvígara aðskilnaði ríkis og kirkju en það yngra.

Samtökin telja sér óhætt að draga þá ályktun að í a.m.k.heila öld hafi skýr meirihlutavilji ríkt meðal landsmanna um aðskilnað ríkis og kirkju, en sá meirihlutavilji hafi einhverra hluta vegna aldrei náð fram að ganga.

Krafan um aðskilnað ríkis og kirkju nýtur því mikils stuðnings í samfélaginu án þess að stjórnámálameinn hafi treyst sér til að fylgja þessari kröfu eftir. Flest rök standa þó til aðskilnaðar og krafan öðlast æ meiri þunga eftir því sem Ísland verður fjölmenningsarlegra og öðrum trúarbrögðum en evangelísk lúterskri kristni vex ásmegin.

Skoðum þróun hlutfalls þjóðkirkjufólks af heildarmannfjölda síðustu ár⁸:



Hlutfall þjóðkirkjunnar meðal landsmanna náði hámarki á árunum í kringum 1980 eða um 93%, en síðan hefur hlutfallið farið stöðugt lækkandi, vegna vaxtar annarra trúarbragða og trúleysis. Hlutfall sóknarbarna íslensku þjóðkirkjunnar hefur frá 1990 lækkað með hverju árinu, frá 92,61% niður í 85,46% eða samtals um 7,15 %. Þann 1. desember 2004 töldust 250.661 einstaklingar til þjóðkirkjunnar, en ef hlutfall trúfélagsins hefði haldist óbreytt frá 1990 hefðu þar verið skráðir 271.617 einstaklingar. Út frá þessu má álykta að þjóðkirkjan hafi „misst af“ tæplega 21 þúsund manns. Á síðustu árum hefur því dregið úr yfirburðastöðu hins ríkisverndaða trúfélags fer og eðlilegt er að álykta út frá því að aðeins sé tímaspursmál hvenær hlutfallið teljist vera orðið það lágt að það réttlæti ekki stjórnarskrárvarin forréttindi.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að íslensk stjórnvöld telja sig hafa að nokkru komið til móts við breytta þjóðfélagsþætti með lögum þeim sem samþykkt voru um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar árið 1997. Frumskjalið kom fyrst fram á löggjafarþinginu 1994-1995. Þá var talið rétt og tímabært að gera ýmsar breytingar á stjórnskipun íslensku þjóðkirkjunnar og á sambandi hennar við ríkisvaldið, enda þótt áfram yrði haldið þeim tengslum milli ríkis og kirkju, sem kveðið væri á um í stjórnarskránni⁹.

Höfuðforsendur lagafrumvarpsins sem leiddi til gildandi laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar voru sem hér segir:

⁸ www.hagstofa.is/template_lb_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=194&ifrmsrc=/temp/mannfjoldi/trufelog.asp.

⁹ <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txti=/wwwtext/html/118/s/0707.html&leito=a%F0skilna%F0ur%5C0r%EDkis#word1>.

- a. Veruleg aukning á innra starfi kirkjunnar og örar breytingar á því kalla á nauðsynlegar breytingar á kirkjulöggjöfinni og jafnframt á aukna og styrkta stjórnsýslu á kirkjulegum vettvangi.
- b. Búsetu- og þjóðfélagsbreytingar, ásamt breyttum og bættum samgöngum, kalla á aukinn sveigjanleika í starfi kirkjunnar.
- c. Umræða á pólitískum vettvangi um að endurskoða þurfi samband ríkis og kirkju kallar á svar stjórnvalda og kirkjunnar sjálf um heppilega og eðlilega framtíðarskipan um stöðu hennar.

Niðurstaðan var sú að rétt væri að þjóðkirkjan fengi mun meira sjálfstæði á starfs- og stjórnunarsviði sínu en verið hefði undanfarna áratugi, enda myndi „aukið sjálfstæði efla hana til starfa og átaka til aukins velfarnaðar með þjóðinni.“¹⁰

Lögin frá 1997 túlkaði núverandi biskup Íslands, Herra Karl Sigurbjörnsson, á kirkjuþingi 2002 sem svo, að ríki og kirkja væru „skilin af borði og sæng“. Nánar tiltekið sagði hann á umræddu kirkjuþingi: „Hér vantar í raun ekki mikið upp á að ríki og kirkja séu aðskilin. Nefna má það skilnað að borði og sæng. Mér sýnist sem kirkjan þurfi meðvitað að búa sig undir að til lögskilnaðar komi. En meginspurningin er: Á hvaða forsendum? Stjórnarskrárákvæðið um þjóðkirkjuna hefur verið áminning um kristnar rætur íslenskrar menningar og samfélags. Þjóðin má ekki gleyma þeim rótum jafnvel þótt breyting yrði enn á lögformlegri stöðu þjóðkirkjunnar.“¹¹

Samtökin taka undir með herra biskupnum: Að þjóðkirkjan þurfi meðvitað að búa sig undir að til „lögskilnaðar“ komi. Fyrir því er meirihlutavilji meðal landsmanna og vaxandi vilji (og hugrekki) meðal stjórnmalámannanna eftir endurskoðun mannréttindaákvæða 1995 og nýja löggjöf um þjóðkirkjuna frá 1997.

SARK skorar mjög eindregið á stjórnarskrárnefnd að gera tillögu um aðskilnað ríkis og kirkju.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar SARK,

Sigurður Hólm Gunnarsson, varaoddviti

¹⁰ <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/118/s/0707.html&leito=a%F0skilna%F0ur%5C0r%EDkis#word1>.

¹¹ Sjá: <http://www.kirkjan.is/?frettir/2003?id=811>.

Stjórn SARK 2004 – 2005:

Oddviti: Friðrik Þór Guðmundsson
lillokristin@simnet.is
s: 864 63 65 & 552 63 65.

Varaoddviti og gjaldkeri: Sigurður Hólm
Gunnarsson
siggi@skodun.is
s: 898 75 85.

Ritari: Sóley Gréta Sveinsdóttir
soley@hi.is

Meðstjórnendur:
sr. Hjörtur Magni Jóhannsson
hjorturm@frikirkjan.is

Magnús Axelsson
max@max.is

Stefán Friðriksson
hagaboga@yahoo.com